

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1.—2. ml. a-liðar 29. gr. laganna orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, sem falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að 60% þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár, eða sama blutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til rikissjóðs skv. 4. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 60/1973, um breyting á þeim lögum. Sveitarstjórn setur fyrir 20. janúar ár hvert nánari reglur um þessar greiðslur og auglýsir þær á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

2. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

- a. Allt að 0,33% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. Allt að 0,65% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
- c. Allt að 1% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
- d. Allt að 1,3% af öðrum atvinnurekstri.

3. gr.

3. tl. bráðabirgðaákvæðis laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóvember 1973.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.